



Sjúkdómatrygging

Skilmáli L-10

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Grundvöllur váttryggingarsamningsins er skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarbeiðni, gildandi verklagsreglur á hverjum tíma um áhættumat í persónutryggingum og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Skilgreiningar

Aðalgjald dagi: Aðalgjald dagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem váttryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

Aldurstengt iðgjald: Iðgjald tryggingarinnar er óháð kyni og er reiknað af váttryggingarfjárhæð og hækkar þannig á hverju ári í samræmi við aldur váttryggðs.

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér Vörður líftryggingar hf.

Rétthafi: Váttryggður er rétthafi í váttryggingu þessari sbr. 3. gr.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.

Váttryggður: Sá einstaklingur sem váttryggingin tekur til.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskirteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

1. Kafli. Bótasvið

Bótasvið váttryggingarinnar nær yfir fimm nánar skilgreinda bótaflokka skv. 1. gr. og falla nokkrir sjúkdómar undir hvern þeirra. Þeir sjúkdómar sem váttrygging þessi tekur til eru flokkaðir í fimm bótaflokka eftir eðli þeirra og tegund og er einungis greitt einu sinni út úr hverjum flokki fyrir sig þrátt fyrir að váttryggður greinist með tvo sjúkdóma í sama flokki.

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

a. Félagið greiðir bætur ef váttryggður greinist með einhvern eftirtalinnna sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða sem taldar eru upp hér að neðan, verður fyrir útlímamissi, lömun, heyrnaleysi, blindu, alvarlegum höfuðáverka, málstoli eða hlýtur alvarleg brunasár, skv. nánari skilgreiningu hér á eftir.

- I. Hjarta- og æðasjúkdómar
- II. Heilaáfall, lömun og málstol
- III. Krabbamein
- IV. Tauga- og hrörnunarsjúkdómar
- V. Aðrir alvarlegir sjúkdómar

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki bætur:

- a. vegna andláts og það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að váttryggður lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar váttryggingaratburður átti sér stað samkvæmt skilmálum þessum. Sama gildir um bætur úr sjúkdómatryggingu barna. Aðrir atburðir en þeir váttryggingaratburðir eða bótaflokkar sem taldir eru upp sem bótaskyldir í 1. gr. eru ekki bótaskyldir samkvæmt váttryggingu þessari.
- b. vegna krabbameins sem greindist á fyrstu þremur mánuðunum eftir gildistöku váttryggingarinnar.
- c. nema úr einum bótaflokki fyrir hvern váttryggingaratburð.

Bætur greiðast váttryggðum aðeins einu sinni vegna hans sjálfs úr hverjum bótaflokki (I.-V.) fyrir sig sbr. 1. gr.

Komi til tjóns úr öðrum bótaflokki en þegar hefur verið greitt úr er ekki um bótaskyldu að ræða ef sjúkdóminn eða atvikið má rekja til sama atburðar og/eða atviks, afleiðinga meðferða og/eða aðgerða sem rekja má til þess sjúkdóms sem þegar hefur verið greitt fyrir eða váttryggður hefur verið greindur með.

Bætur úr sjúkdómatryggingu barna greiðast aðeins einu sinni fyrir hvert barn. Hámark bóta úr sjúkdómatryggingu barna er kr. 10.000.000,-. Bætur geta aldrei orðið hærri, jafnvel þó hjá félaginu séu í gildi fleiri en ein sjúkdómatrygging og þar með fleiri en einn váttryggður. Séu í gildi fleiri en ein váttrygging greiðast bætur váttryggðum hlutfallslega eftir váttryggingarfjárhæð sjúkdómatryggingar hvers skirteinis.

3. gr. Sjúkdómatrygging barna

- Ef barn váttryggðs, 3ja mánaða til 18 ára gamalt, verður á váttryggingartímanum fyrir váttryggingaratburði, sem skilgreindur er í 1. gr., greiðir félagið 50% váttryggingarfjárhæðar sjúkdómatryggingarinnar, þó að hámarki kr. 10.000.000,- samkvæmt því sem nánar greinir í 2. gr.
- Bætur eru ekki greiddar vegna váttryggingaratburða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint til ástands barnsins fyrir töku váttryggingarinnar. Um ættleidd börn gildir, að félagið er ekki bótaskyldt, ef hægt er að rekja orsakir váttryggingaratburðar til sjúkdómsástands, sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.
- Ennfremur eru bætur ekki greiddar vegna aðgerða sem framkvæmdar eru á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára aldurs ef greining sem leiddi til aðgerðar var fyrir 3ja mánaða aldur.
- Greiðsla bóta úr sjúkdómatryggingu barna hefur ekki áhrif á sjúkdómatryggingu váttryggðs. Bætur greiðast vegna eigin barna váttryggðs. Einnig greiðast bætur vegna fósturbarna og stjúp barna, enda búi fósturbörn eða stjúp börn á sama lögheimili og váttryggður. Gilda þá einnig fyrirvarar b. liðar.

I. Hjarta- og æðasjúkdómar

4. gr. Bráð kransæðastífla/hjartadrep (Myocardial Infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans vegna blóðþurrðar. Eftirtalið þarf að vera til staðar samtímis svo hægt sé að greina bráða kransæðastíflu:

- brjóstverkir (hjartakveisuverkir)
- nýjar breytingar á hjartalínuriti með ST-hækkunum,
- hækkun sértækra hjartaensíma sem losna við hjartadrep svo sem CK-MB eða Tróponíns.

Bótageiðsla er háð því að um sé að ræða bráða kransæðastíflu sem samkvæmt greiningu uppfyllir öll þrjú ofangreind skilyrði. Undanskilin samkvæmt skilgreiningunni eru:

- hjartadrep án ST-hækkana (NSTEMI), með hækkun á Tróponíni I eða T,
- önnur bráð kransæðatilfelli (acute coronary syndrome).

Greiningin skal staðfest af viðurkenndum sérfræðingi í hjartasjúkdómum.

5. gr. Kransæðaskurðaðgerð/hjáveituaðgerð (Coronary Artery Bypass Surgery)

Opin hjartaskurðaðgerð til að lagfæra þrengsli eða stíflu í einni eða fleiri kransæðum með hjáveituaðgerð. Undanskilið samkvæmt skilgreiningu þessari eru aðrar aðgerðir sem ekki eru opnar, t.d. kransæðarvikanir (PCI) og laseraðgerðir.

6. gr. Hjartalokuskurðaðgerð – lokuskipti eða- viðgerð (Heart Valve Surgery)

Opin hjartaskurðaðgerð til að skipta um eða lagfæra eina eða fleiri hjartalokur.

7. gr. Ósæðarskurðaðgerð (Aorta Graft Surgery)

Opin skurðaðgerð að ráði sérfræðings til að fjarlægja og gera við með æðabót/græðlingi (graft) þrengsli, rof eða æðagúlp á meginslagæð/ósæð í brjóst- eða kviðarholi. Undanskildar samkvæmt skilgreiningunni eru aðgerðir framkvæmdar á greinum ósæðarinnar utan brjóst- eða kviðarhols.

II. Heilaáfall, lömun og málstol

8. gr. Heilablóðfall/slag (Stroke)

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en 24 klukkustundir og felur í sér drep í heilavef eða blæðingu. Skilyrði bótageiðslu er einkenni varanlegra skemmda á miðtaugakerfi (neurological sequelae) og að rannsóknir (CT/MRI) styðji greininguna. Undanskilið samkvæmt þessari skilgreiningu eru:

- skammvinnu blóðþurrðarkast í heila (TIA).
- einkenni frá taugakerfi vegna migreni.

Greiningin skal staðfest af viðurkenndum sérfræðingi í taugasjúkdómum.

9. gr. Þverlömumun (Paraplegia)

Nær til lömunar í mænu (paraplegia) sem á rætur að rekja til sjúkdóms eða slyss. Lömunin skal ná til beggja fóta og/eða beggja handleggja eða að minnsta kosti annars fótar og annars handlegs. Lömunin skal vera varanleg og sjúkdómsgreiningin gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

10. gr. Málstol (Aphasia)

Algert og varanlegt tap á málgetu (aphasia) á samfelldu tímabili í að minnsta kosti 12 mánuði. Sjúkdómsgreiningin skal staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Undanþegið er málstol sem á rætur að rekja til sálrænna kvilla.

III. Krabbamein

11. gr. Krabbamein – illkynja og ífarandi (Cancer)

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði, e. CLL) og illkynja eitlæxli (Lymphomas) og Hodgkinssjúkdóm á stigi II-IV.

Undanskilin eru:

- forstigseinkenni krabbameins (pre-malignant tumours)
- æxli sem eru staðbundin og ekki ífarandi (in situ)
- öll stig CIN (innanþekjuæxlisvaxtar í leghálsi)
- Hodgkinssjúkdómur á stigi I
- langvinnt eitilfrumuhvítblæði
- æxli í blöðruhálskirtli á stigi T1 og Gleason stigi 6 eða lægra
- allar tegundir æxla þegar alnæmi er til staðar (HIV)
- kaposi's sarcoma
- öll húðkrabbamein önnur en illkynja, ífarandi sortuæxli
- krabbamein sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar sbr. b. lið 4. gr.

IV. Tauga- og hrörnunarsjúkdómar

12. gr. MS (Multiple Sclerosis)

Ótvíræð greining heila- og mænisuggs (MS), staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Greiningin byggir á að minnsta kosti tveimur dæmigerðum köstum með vel afmörkuðum einkennum frá taugakerfi, eða að öðrum kosti stigversnandi sjúkdómsgangi sem samrýmist MS sjúkdómnum. Greiningin þarf að vera staðfest með MRI rannsókn af heila sem sýnir dæmigerðar breytingar í heilavef.

13. gr. MND fyrir 60 ára aldur (Motor Neurone Disease)

Ótvíræð greining MND fyrir 60 ára aldur. Greiningin þarf að vera staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

14. gr. Alzheimer fyrir 60 ára aldur (Alzheimer's Disease)

Ótvíræð greining á Alzheimersjúkdómnum, fyrir 60 ára aldur váttryggðs. Greiningin skal staðfest af viðurkenndum sérfræðingi í taugasjúkdómum eða öldrunarsjúkdómum með viðeigandi rannsókn og mati sem staðfestir dæmigerða skerðingu á heilastarfsemi.

Ástand þetta sé óafturkræft samkvæmt mati og hafi náð því stigi að stöðugs eftirlits og aðstoðar sé þörf.

15. gr. Parkinsonsveiki fyrir 60 ára aldur (Parkinson's disease)

Ótvíræð greining Parkinsonsveiki af óþekktum uppruna (idiopathic) fyrir 60 ára aldur váttryggðs. Greiningin skal staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Ástand þetta sé óafturkræft samkvæmt mati og hafi náð því stigi að stöðugs eftirlits og aðstoðar sé þörf. Undanskilin samkvæmt skilgreiningu þessari er parkinsonsveiki sem afleiðing misnotkunar áfengis eða vímuefna.

V. Aðrir alvarlegir sjúkdómar

16. gr. Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour)

Æxli í heila sem ekki er illkynja, en veldur varanlegum skaða á miðtaugakerfi. Undanskilin eru:

- blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- heilahimnuæxli (meningiomas),

- seilaræxli (chordomas),
- æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum,
- heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.

17. gr. Meiriháttar líffæraflutningar (Major Organ Transplantation)

Vátryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lunga, lifur, brisi, nýra eða beinmerg.

18. gr. Nýrnabilun (Kidney Failure)

Lokastig nýrnasjúkdóms, sem einkennist af langvinni óafturkræfri bilun á starfsemi beggja nýrna sem leiðir til þess að vátryggður þarfnast annað hvort reglulegrar himnuskiljunar eða blóðskiljunar (peritoneal or haemodialysis) eða nýrnaigræðslu.

19. gr. Alvarleg brunasár (Third Degree Burns)

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama vátryggðs, staðfest af sérfræðingi.

20. gr. Útlimamissir (Loss of Limbs)

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlima ofan úlnliðs eða ökkliðs.

21. gr. Blinda (Blindness)

Varanleg og ólæknandi sjónskerðing, svo mikil að jafnvel þegar prófað er með sjónrænum hjálpargögnum mælist sjónin 3/60 eða minni á betra auganu með notkun Snella augnspjalds.

22. gr. HIV-smit (AIDS) við blóðgjöf, líkamsárás eða framkvæmd tiltekinna starfa (HIV Infection in blood transfusions, physical assaults, or in the performance of certain tasks)

Vátryggður smitast af HIV-veiru eða greinist með alnæmi (AIDS) og rekja má orsök þess til einhvers af neðan greindum þáttum:

- blóðgjafar sem þátt í læknismeðferð.
- líkamsárásar sem vátryggður verður fyrir.
- atviks sem vátryggður verður fyrir í starfi sínu sem starfsmaður í heilbrigðisþjónustu eða slökkviliðs-, sjúkraflutninga- eða lögreglumáður.

Atvik það sem orsakar smit skal hafa átt sér stað á gildistíma vátryggingarinnar og verður að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- atvikið verður að hafa verið tilkynnt til viðkomandi yfirvalda og rannsókn þess verður að hafa verið framkvæmd með viðurkenndum aðferðum.
- þegar HIV-smit á sér stað vegna líkamsárásar eða er afleiðing atviks sem átt hefur sér stað við framkvæmd venjulegra starfsskyldna, verður að leggja fram neikvæða niðurstöðu úr HIV-mótefnaprófi, sem farið hefur fram innan 5 daga frá því atvikið átti sér stað.
- einnig verður að fara fram annað HIV mótefnapróf innan 12 mánaða, sem staðfestir að HIV-veiran hafi komið fram eða að HIV-mótefni séu til staðar.
- atvikið sem valdið hefur smiti verður að hafa átt sér stað á Íslandi.

Vátryggingin tekur ekki til HIV-smits sem stafar af öðrum orsökum.

23. gr. Heyrnaleysi (Deafness)

Varanlegur óafturkallanlegur heyrnarmissir að svo miklu leyti sem heyrnarmissir er yfir 85 desíbel á öllum tíðnisviðum þess eyra þar sem heyrn er betri með því að nota heyrnarrít úr heyrnarmælingu með hreinum tón. Viðeigandi sérfræðingur (háls-, nef-, og eyrnalæknir) verður að leggja fram læknisfræðileg gögn sem verða m.a. að fela í sér heyrnarmælingu og mælingu á þröskuldi heyrnarinnar. Ekki á að vera hægt að lækna heyrnarleysið eftir læknisfræðilegum aðferðum.

24. gr. Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)

Bakteríusýking og bólga í heilahimnu eða mænu sem staðfest hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum með blóð- og mænuvökvarannsókn, tölvusneiðmyndum (CT) eða segulóm skoðun (MRI) af höfði.

Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða öfugt, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjú mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

25. gr. Alvarlegur höfuðáverki (Serious Head Wounds)

Alvarlegur áverki á höfði sem veldur truflun á heilastarfsemi. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og niðurstöðum myndgreiningar á taugakerfi t.d. tölvusneiðmynda (CT) eða segulóm skoðun (MRI).

Áverkinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þjór eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Það skal vera læknisfræðilega staðfest að ástand þetta hafi varað í a.m.k. þrjú mánuði.

2. Kafli. Almenn ákvæði

26. gr. Hver er váttryggður?

Váttryggður er réttihafi bóta úr váttryggingunni. Sé um andlát að ræða fer eftir ákvæðum XV. kafla laga nr. 30/2004. sjá þó a. lið. 2. gr. þessa skilmála.

27. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi, sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini, og til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs váttryggðs. Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára í sjúkdómatryggingu þessari (sbr. þó 3. gr).

Váttryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

28. gr. Verklagsreglur um áhættumat

Félagið fylgir ákveðnum verklagsreglum við áhættumat persónutrygginga bæði eigin reglum og ítarlegum reglum endurtryggjanda á hverjum tíma.

29. gr. Heimild váttryggingartaka til uppsagnar váttryggingunni

Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.

30. gr. Réttur til hækkunar á váttryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar

Váttryggður getur óskað eftir hækkun á váttryggingarfjárhæð án frekari upplýsinga um heilsufar sitt. Skrifleg beiðni um hækkun og nauðsynleg gögn þurfa að berast félaginu innan sex mánaða frá því að eftirfarandi á sér stað:

- váttryggður eignast barn.
- váttryggður ættleiðir barn.
- váttryggður kaupir íbúðarhúsnæði.

Váttryggingarfjárhæðin getur að hámarki hækkað um 25% eða að hámarki kr. 2.500.000.- og skilyrði að heildarváttryggingarfjárhæð fari ekki yfir kr. 15.000.000.-. Umrædd hækkun hefur sama gildistíma og sú váttrygging sem verið er að hækka.

Aðeins er hægt að hækka váttryggingarfjárhæð einu sinni vegna íbúðarkaupna.

Réttur til hækkunar fellur niður frá og með 45 ára afmælisdegi váttryggðs. Einnig fellur þessi réttur niður þegar tilkall hefur verið gert til bóta úr sjúkdómatryggingunni, óskað eftir iðgjaldafrelsi eða ef váttryggður hefur greinst með einhvern þeirra sjúkdóma, gengist undir eða biður eftir að gangast undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hent eitthvert þeirra atvika sem teljast bótaskyld skv. skilmálum þessum.

31. gr. Réttur til að endurvekja sjúkdómatryggingu

Hafi váttrygging fallið niður vegna vanskila er hún ekki endurvakin nema gegn nýrri váttryggingarbeiðni með nýju áhættumati.

32. gr. Bótageiðslur samkvæmt váttryggingarsamningnum

Félagið greiðir þá váttryggingarfjárhæð, sem í gildi er á tjónsdegi, vegna váttryggingaratburðar er váttryggður verður fyrir samkvæmt váttryggingarskírteini skilmála þessum.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og

fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar. Um vexti á bótagreiðslur fer eftir ákvæði 123. gr. vsl., sbr. 50. gr. sömu laga.

Við útgreiðslu bóta vegna sjúkdóms sem tilheyrir einum af þeim bótaflokkum (I-V) sem tilgreindir eru í 1. gr. fellur sá bótaflokkur niður. Aðeins er því greitt einu sinni úr hverjum flokki fyrir sig. Tryggingin gildir áfram en undanskilinn er sá bótaflokkur sem þegar hefur verið greitt út úr. Réttur til iðgjaldafrelsis skv. 33. gr. fellur niður við útgreiðslu bóta.

33. gr. Iðgjaldafrelsi

Vátryggður getur skriflega óskað eftir niðurfellingu iðgjalda vátryggingarinnar, missi hann að minnsta kosti helming starfsorku sinnar vegna slyss eða sjúkdóms á vátryggingartímanum. Niðurfelling á iðgjaldi getur þó að hámarki varað í fimm ár. Alger starfsorkumissir veitir rétt til fulls iðgjaldafrelsis en skerðing um 50% eða meira til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalds.

Skilyrði er að hin skerta starfsorka og eða óvinnufærni sé ekki bótaskyld samkvæmt 1. gr. skilmálans. Vátryggður skal tilkynna félaginu um missi starfsorku sinnar og eða óvinnufærni án ástæðulauss dráttar en í síðasta lagi innan árs frá upphafi óvinnufærni sbr. ákvæði 124. gr. vsl.

Skilyrði er að missir starfsorku eða óvinnufærni sé staðfest af meðferðarlækni með vottorði. Félagið áskilur sér rétt til að senda vátryggðan í lækni- og slysskoðun hjá matslæknum félagsins til að staðfesta óvinnufærni. Iðgjaldafrelsi veitist frá þeim tíma er ákvörðun félagsins um veitingu iðgjaldafrelsis liggur fyrir. Enn fremur verða ofgreidd iðgjöld fyrir tímabil er fellur undir iðgjaldafrelsið endurgreidd þó að hámarki sex mánuði aftur í tímann frá því beiðni um iðgjaldafrelsi berst félaginu.

Skilyrði fyrir veitingu iðgjaldafrelsis er að vátryggður hafi staðið skil á iðgjöldum vegna vátryggingarinnar til þess tíma er ákvörðun um iðgjaldafrelsi liggur fyrir.

Vátryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef orsök starfsorkumissisins er:

- af völdum styrjalda, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisna eða svípaðra aðgerða.
- misnotkun áfengis, fíkniefna eða eiturefna.
- þátttaka í refsiverðum verknaði.
- háttsemi vátryggðs sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis sbr. 89. og 90. gr. vsl.

Vátryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis vegna sjúkdóma og afleiðinga þeirra sem voru fyrir hendi eða sýnt höfðu einkenni fyrir gildistöku tryggingarinnar, né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku tryggingarinnar. Vátryggður á ekki rétt á iðgjaldafrelsi hafi hann fengið greitt úr einum eða fleiri bótaflokkum sem tilgreindir eru 1. gr.

Beiðni um iðgjaldafrelsi þurfa að fylgja nauðsynleg gögn til mats á starfsorkumissinum svo sem lækni-vottorð. Vátryggður ber allan kostnað vegna öflunar nauðsynlegra gagna til mats á iðgjaldafrelsi.

Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni vátryggðs til að gegna starfi sínu og möguleika til annarra starfa. Iðgjaldafrelsi veitist þó ekki til lengri tíma en eins árs aftur í tímann, áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu. Iðgjaldafrelsi hefst 6 mánuðum (biðtími) eftir að starfsorkumissirinn átti sér stað og varir að hámarki í fimm ár en þó aldrei lengur en til 60 ára aldurs vátryggðs eða loka samningstímans ef hann er fyrr. Félagið skal tilkynna vátryggðum skriflega um niðurstöðu sína í síðasta lagi 14 dögum eftir að nauðsynleg gögn berast félaginu. Á meðan vátryggður nýtur iðgjaldafrelsis ber honum að láta félaginu í té nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar auk annarra gagna og fara í lækni- og slysskoðanir eins oft og þurfa þykir.

Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

Ákvæði um brot á upplýsingaskyldu, svik og rangar upplýsingar gilda um iðgjaldafrelsi eftir því sem við á, skv. almennum skilmálum félagsins, AS-1.

34. gr. Vátryggingarfjárhæð, iðgjald og verðtrygging

Fyrsta iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við vátryggingarfjárhæð og aldur hins vátryggða við gildistöku vátryggingarinnar, sé eigi annars getið í vátryggingarskilmálum.

Vátryggingarfjárhæðir í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun. Lækkun vísitölunnar hefur ekki áhrif til lækkunar á vátryggingarfjárhæð né ársiðgjaldi. Iðgjald tryggingarinnar er óháð kyni, er reiknað af vátryggingarfjárhæð og breytist á hverju ári í samræmi við aldur vátryggðs.

Fram til 55 ára aldurs hækkar iðgjald á aðalgjaldsdag í samræmi við aldur vátryggðs. Frá og með 56 ára aldri tekur iðgjaldið vísitölbreytingum ár hvert og vátryggingarfjárhæðin lækkar í samræmi við hækkandi aldur vátryggðs.

Félagið áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunariðgjald samkvæmt nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og öðrum orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum, ef þessi atriði virka ekki til breytinga á váttryggingarfjárhæð hins váttryggða.

35. gr. Frestur til að tilkynna um váttryggingaratburð

Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan tveggja ára frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.

36. gr. Frestur til lögfræðilegra aðgerða

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem telur sig eiga rétt til bóta þeim rétti, ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu, sbr. 2. mgr. 124. gr. vsl.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019